

Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík



SÝSLUMAÐURINN

**UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR.
85/2007, UM VEITINGASTAÐI, GISTISTAÐI OG SKEMMTANAHALD,
MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM**

SÍÐA: 1/1
DAGS 24.10.2018

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fagnar tillögum ráðuneytisins um að samræma málsmeðferð vegna brota á rekstrarleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi.

Með því að leggja einnig stjórnvaldssektir við brotum á rekstrarleyfisskyldu í stað lögreglusekta er unnt að flýta málsmeðferð og draga úr kostnaði sem hlýst af formlegri og kostnaðarsamri ákærumeðferð fyrir dómstólum.

Sýslumaður vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Verði frumvarpið að lögum munu verkefni sem hvíla á átta lögregluumdæmum færast varanlega undir verksvið Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Umræddar breytingar munu kalla á a.m.k. nýtt stöðugildi lögfræðings. Sýslumaður telur brýnt að fjármagn fylgi verkefninu. Að öðrum kosti er hætt við að umræddar breytingar verði fremur til бага en bóta.

Þá vekur sýslumaður athygli á því að breyting á heimagistingarhugtakinu kemur til með að kalla á greiningar- og forritunarvinnu í tengslum við hugbúnað sem notaður er við rafræna skráningu. Má búast við áætluðum einskiptiskostnaði upp á 2.000.000 kr. vegna nauðsynlegra breytinga.

Virðingarfyllst

Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

SÝSLUMAÐURINN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
- REYKJAVÍK

HLIDASHÁRI 1
201 KÓPAVOSI

ET. 650914 - 2520

SINI 458 2000
SMH@SÝSLUMENN.IS
WWW.SÝSLUMENN.IS